

Hverfisráð Hríseyjar

4. fundur

Ár 2007, mánudaginn 12. febrúar kl. 16:00 var fjórði fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein

Í upphafi fundar voru mætt: Kristinn Fr. Árnason, Drífa Þórarinsdóttir, Þröstur Jóhannsson varamaður einnig voru mættir Felix Jósafatsson og Jón Konráðsson frá lögreglunni síðar mættu Theódóra Kristjánsdóttir og Ingimar Ragnarsson varamaður. Formaður setti fundinn og bauð lögregluna sérstaklega velkomna.

Dagskrá:

1. Umferðarmál

Rætt um fjölgun bíla og nauðsyn þessa að halda umferðarhraðanum niðri, lögreglan kom með góðar ábendingar, um merkingar o.fl. Ýmsar hugmyndir ræddar um hraðahindranir t.d. með blómakerjum.

Kristinn tekur að sér að tala við Ottó hjá Völvusteini um akstur vinnuvéla stórra sem smárra sem tengjast byggingu fjölnotahúss

“Samþykkt að hámarkshraði í öllu þorpinu verði 30 km og óska jafnframt eftir að fá eina vistvæna götu t.d. frá Ásgarði norður að Skólavegi”.

2. Innsend bréf

1.1. Bréf frá samfélags-og mannréttindaráði

Drífa gerði grein fyrir heimsókn starfsmanna frá ráðinu og áformum þeirra um lausn á félagsstarfi unglunga í Hrísey utan skólatíma.

1.2 Bréf frá heimilisfólkinu Austurvegi 12

Í því er bent á nauðsyn þess að fá stiga yfir varnargarðinn fyrir framan Sæborg og niður í fjöru

“ Formanni og varaformanni falið að senda framkvæmdaráði bréf með ósk um að þetta verið skoðað nánar”

3. Staðardagskrá 21

Bókun frá fundi framkvæmdaráðs dags. 7.júlí 2006.

“Samþykkt að óska eftir að Helgi Már deildarstjóri komi á fund til að ræða lausn sorpmála, uppsetningu á götuskiltum og hundabannsskiltum o.fl.”

Skýrslan um staðardagskrá 21 rædd og ákveðið að fresta umræðunni þar til á vinnufundi sem verður 26. febrúar kl. 16:30 í Hlein og stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið eigi síðar en í aprílbyrjun.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18:15

Kristinn Frímann Árnason

Drífa Þórarinsdóttir

Theódóra Kristjánsdóttir

Kristján Ingimar Ragnarsson

Þröstur Jóhannsson

Fundargerð skráð í tölvu af

Guðrúnu Kristjánsdóttur